

Stígðu á stökk stúlka!

Kennsluefni í tónlist og leiklist fyrir unglingsstúlkur

Ylfa Ösp Áskelsdóttir – Ösp Kristjánsdóttir

Efnisyfirlit

FRÁ HÖFUNDUM	4
MARKMIÐ	6
UM EFNID	7
KENNSLUÁÆTLUN VIKA 1.....	8
TÓNLIST	8
LEIKLIST.....	8
BLÚS.....	9
KONUR OG BLÚS	10
VERKEFNI.....	11
KENNSLUÁÆTLUN VIKA 2-3	13
ELÍSARBETARLEIKHÚSIÐ	14
LEIKHÚSIÐ OG KONUR INNAN ÞESS	15
VERKEFNI.....	16
KENNSLUÁÆTLUN VIKA 2-3	17
ROKK	18
KONUR OG ROKK	19
VERKEFNI.....	20
KENNSLUÁÆTLUN VIKA 4-5.....	21
COMMEDIA DELL' ARTE.....	22
COMMEDIA DELL' ARTE OG KONUR.....	23
VERKEFNI.....	24
KENNSLUÁÆTLUN VIKA 4-5.....	25
PÖNK.....	26
KONUR OG PÖNK.....	27
VERKEFNI.....	28
KENNSLUÁÆTLUN VIKA 6-7	29
RAUNSÆISSTEFNA.....	30
KONUR OG RAUNSÆISSTEFNA	31

VERKEFNI.....	32
KENNSLUÁÆTLUN VÍKA 6-7.....	33
TÓNLISTARFORRIT OG	
VERALDARVEFURINN	34
KENNSUÁÆTLUN VÍKA 8-9.....	35
MELÓ DRAMA	36
VERKEFNI.....	37
KENNSLUÁÆTLUN VÍKA 8-9.....	38
SÖNGLEIKUR.....	39
KENNSLUÁÆTLUN VÍKUR 10-17	40
FYLGISKJÖL.....	43
PÍANÓHLJÓMAR	43
GÍTARHLJÓMAR	44
NOKKRIR TROMMUTAKTAR.....	45
GRIPBRETTI RAFBASSANS.....	46
HOUND DOG	47
SPUNAÆFINGAR.....	48
AÐFERÐIR	50
HEIMILDASKRÁ	51

Frá höfundum

Við lifum og hrærumst í samfélagi þar sem að hugmyndir um kynin stjórna að miklu leiti atferli okkar og ákvarðanatöku. Þessar hugmyndir eru svo rótgrónar í mannkynssöguna að þeim er tekið sem eðlilegum viðmiðum og gildum. Þó að mörg skref hafi verið tekin fram á við í jafnréttisbaráttunni þá er enn langt í land og hvarvetna má sjá augljós dæmi þess.

Í sameiginlegu vettvangsnámi okkar í unglingsdeild eins grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu urðum við varar við mikinn mun á kynjunum sem yfirleitt var stelpum í óhag. Eftir vettvangsnámið fórum við að velta því fyrir okkur hvers vegna þessi munur kæmi svona sterkt fram á unglingsárunum og fórum að skoða okkar nánasta umhverfi út frá þessari spurningu.

Þegar tónlistarmeningin er skoðuð eru staðreyndirnar sláandi. Hvar eru stúlknaþátturaböndin á mótí öllum þeim tugum strákabanda sem skjóta upp kollinum ár hvert? Afhverju er lítið á trommur, rafmagnsgítar og bassa sem strákahljóðfæri? Er það vegna þess að stelpur geti ekki spilað á þessi hljóðfæri? Vitaskuld er það ekki raunin. En hver er ástæðan fyrir þessari kynjaskiptingu í hljóðfæraskipan? Einnig má velta fyrir sér ástæðum fyrir því að stelpur verða óöruggar og óframfærnar á unglingsárunum og hvort eitthvað sé hægt að gera til að sporna við þeirri þróun og brjóta niður þessa múra sem eru fátt annað er minnisvarði feðraveldisins.

Við fórum að velta fyrir okkur ýmsum hugmyndum sem allar tengdust að einhverju leiti eflingu á sjálfsmynd og sjálfstæði unglingsstúlkna. Önnur með áherslu á tónlist og hin með áherslu á leiklist. Við sáum fljótt að þessar tvær aðferðir ættu mjög góða samleið og væru upplagðar til þess að ná þeim markmiðum sem við vildum stefna að. Við ákváðum því að búa til sameiginlegt kennsluefni fyrir

unglingsstúlkur með það að markmiði að efla sjálfstæði, sjálfsmynd, sköpunargleði og frumkvæði unglingsstúlkna í gegnum tónlist og leiklist.

Við viljum þakka:

- Ásu Helgu Ragnarsdóttur, leiðbeinanda okkar, fyrir stuðning og veitta aðstoð.
- Helgu Rut Guðmundsdóttur fyrir ráðleggingar og hvatningu.
- Öllum þeim sem komu að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti.

Stígðu á stökk stúlka! Markmið

Markmið þessa kennsluefnis er að efla sjálfstæði, sjálfsmýnd, sköpunargleði, frumkvæði og þor unglingsstúlkna í gegnum tónlist og leiklist.

Einstakir markmiðsþættir

Nemendur:

- fái innsýn í tónlistar og leiklistarsögu.
- geri sér grein fyrir stöðu kvenna innan greinanna.
- þekki mismunandi tónlistarstefnur.
- efli færni sína í leikni á rafmögnum hljóðfærum s.s gítar og bassa auk grunnfærni á trommusett og hljómborð.
- kunni að lesa úr bókstafshljómum.
- kunni að nota algeng tónlistarforrit til útsetninga og tónsköpunar.
- kunni að búa til einfalt tónlistarmyndband.
- öðlist grundvallarskilning á undirstöðuatriðum leiklistar, s.s. tíma, rými og hlustun.
- þekki mismunandi leikstíla.
- eflist í textameðferð.
- læri að koma fram.
- læri að vinna með persónusköpun.
- vinni sjálfstætt og í hóp að frumsaminni sýningu.
- komi að uppsetningu sýningar með einum eða öðrum hætti.
- eflist í hópvinnu
- eflist í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- læri að mistök eru til að læra af.
- skemmti sér vel.

Um efnid

Kennsluefni þetta er sett þannig upp að fyrripart annar, t.d. á haustönn er leiklistar- og tónlistarkennsla sitt í hvoru lagi og unnið er með stefnur og aðferðir innan greinanna. Um miðja önn fléttast fögin saman og nemendur undirbúa, semja og setja upp verk, með aðstoð beggja kennara, söngleik sem verður lokaafurð námskeiðsins. Fyrir kennara efnisins er mikilvægt að kynna sér grunnhugtök tónlistar og leiklistar áður en haldið er af stað.

Í tónlistarhluta námskeiðsins verður farið í þrjár stefnur, blús, rokk og pönk. Ástæðan fyrir því vali er sú að afar lítið fer fyrir kvenkyns listamönnum innan þeirra. Einnig krefjast tónlistarstefnur þessar rafmagnaðra hljóðfæra og þar sem að námskeiðið gerir kröfu um rafmögnuð hljóðfæri hennu þessar stefnur vel. Kennurum er bent á að nýta sér bækurnar *Hljóðspor* eftir Pétur H. Jónsson og *Tölvur og tónlist* eftir Flosa Einarsson sem ítarefni.

Í leiklistarhluta námskeiðsins verður farið í fjórar stefnur. Elísabetarleikhúsið, Commedia dell'arte, raunsæisstefnuna og meló drama. Ástæðan fyrir því vali er sú að nemendur fái að kynnast ólíkum stefnum og leikstílum og prófa sig áfram innan þeirra. Kennurum er bent á að nýta sér bókina *Leiklist í kennslu, handbók fyrir kennara* eftir Önnu Jeppesen og Ásu Helgu Ragnarsdóttur og kennsluvefinn nams.is/leiklistarvefurinn sem ítarefni.

Í kennsluefninu er áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð nemenda hvort sem þeir vinna einir eða í hópum. Þegar kemur að því að vinna söngleik er mikilvægt að leggja áherslu á að nemendur nýti sér það sem þeir hafi lært á fyrri hluta námskeiðsins, skapi sjálfir persónur, ákveði leikstíl, semji eða útfæri lög og texta, hanni leikmynd o.s.frv. Söngleikurinn verður sköpunarverk nemendanna sjálfra, en kennarar leiðbeina og leikstýra.

Kennsluáætlun vika 1

Tónlist

1. tími (80 mínútur)

Í fyrsta tíma er áfanganum lýst og nemendum gerð grein fyrir því sem unnið verður með á önninni.

Kynning, 15-20 mínútur: Nemendur og kennari kynna sig og segja frá reynslu sinni, kunnáttu á hljóðfæri og annarri reynslu í sambandi við tónlist.

Nemendur prófa sig áfram, 60 mínútur: Eftir kynninguna prófa nemendur öll hljóðfæri sem í boði eru og kynnast þeim. Seinna munu nemendur velja sér sitt hljóðfæri. Möguleiki er að breyta um hljóðfæri á önninni, t.d. þegar farið er í önnur stílbrigði. Jafnframt mun kennari skipta nemendahópnum niður í fimm manna hljómsveitir og vinna þessir hópar saman út önnina.

Leiklist

1. tími (80 mínútur)

Í fyrsta tíma er áfanganum lýst og nemendum gerð grein fyrir því sem unnið verður með á önninni.

Kynning, 15-20 mínútur: Nemendur og kennari kynna sig, segja stuttlega frá áhugamálum sínum og reynslu sinni af leiklist eða einhverju tengdu henni.

Leikur, 20 mínútur: Gott er að fara í leik til að hrista nemendur saman og léttu andrúmsloftið. Á netinu er leikjavefurinn.is en þar er hægt að finna fjöldann allan af skemmtilegum leikjum sem henta vel.

Undirstöðuatriði, 40 mínútur: Kennari kynnir undirstöðuatriði leiklistar fyrir nemendum s.s. spuna, kyrrmyndir (sjá fylgiskjal um aðferðir) og ræðir við þá um hlustun, samvinnu, rými persónusköpun o.fl. Með þessu fær kennari nasabefinn af því hversu mikið nemendur kunna fyrir. Eftir umræðurnar er farið í hópspuna (sjá fylgiskjal bls:48). Einnig er gott að gera sameiginlegan samning við nemendur (sjá fylgiskjal, bls.50).

Blús

Blús er upprunninn í Suðurríkjum Bandaríkjanna. Blúsinn er alþýðutónlist blökkumanna og hafa margir reynt að finna fæðingarvottorð þessa stíls en án árangurs. Blús er ekki bara tónlist, blús er hugarástand og er sunginn með djúpri tilfinningu. Umfjöllunarefni blús eru yfirleitt ástir og peningaleysi, en einnig er fjallað um lífið og tilveruna og hvernig megi sigrast á erfiðleikum (Halldór Bragason. [Án árs]).



Blúsinn varð til við grimmilega kúgun og hræðilegt ofbeldi sem blökkumenn máttu þola frá þrælahöldurum sínum í Bandaríkjunum á seinni hluta 19. aldar. Þrátt fyrir afnám þrælahalds leið langur tími þar til blökkumenn öðluðust jafnrétti í vestrænum samfélögum. Blúsinn varð einhverskonar undankomuleið þar sem hægt var að tjá sig og takast á við sálarkvölna og úrræðaleysið. Blúsinn tjáði tilfinningar sem ranglátt þjóðfélag hafði vakið og létti á sálinni. Blús er bæði hugarástand og söngur og söngvarinn sem flytur blúsinn upplifir líðan þess sem samdi hann (Pétur Hafþór Jónsson. 2007:19, 20).

Heimildir um blús og forsögu hans er hægt finna á netinu og í bókum. Hér mætti nefna síðu blúsfélags Íslands og kennslubók Péturs Hafþórs, *Hljóðspor*. Í þeirri bók eru einnig ítarlegri lýsingar á því hvernig hægt er að semja blús og eru kennarar hvattir til að nýta sér hana.

Konur og blús

Gaman er að segja frá því að konur voru í hópi fyrstu blúsaranna. Gertrude “Ma” Rainey (1886-1939), hefur verið nefnd móðir blússins, en hún var sú fyrsta sem bætti við blúslögum í sýningar og tónleika. Forsaga þess er sú að árið 1902 heyrði hún konu syngja um mann sem hún hafði misst. Gertrude hreyfist af þessum undarlega stíl sem konan söng og lærði lagið. Uppfrá því endaði hún allar sýningar og tónleika sína á þessu lagi og kallaði það „The blues” eða „Blúsinn”. Hún hljóðritaði yfir 100 lög og samdi sjálf 24 þeirra (Alexander. [Án árs-a]).



Fyrstu hljóðritun af blúslagi á hins vegar önnur blússöngkona, Mamie Smith, en hún tók upp og söng lagið „Crazy blues” árið 1920 (Alexander. [Án árs-b]). Annar kvenkyns blúsari var Memphis Minnie, drottning blúsins, sem spilaði svokallaðan Delta blús. Hún var fær gítarleikari og vann eitt sinn keppni á því sviði (Garon. 1992).

Tónlistarkonan Tracy Chapman varð fæg fyrir söng sinn og lagasmíðar á 9. áratug síðustu aldar. Tracy syngur m.a. blús.



Hustun:

1. Mamie Smith. *Crazy Blues*
2. Memphis Minnie. *Drunken barrel house blues*
3. Tracy Chapman. *Give me one reason*

Verkefni

Blús

Verkefni 1.

Nemendur fara á internetið, finna frekari heimildir um kvenkyns blúsara og vinna stutta kynningu um þær. Wikipedia síðurnar eru oft ríkar af fróðleik og þrátt fyrir að ekki megi taka allt sem þar er skrifað sem heilögum sannleik eru þær góðar til síns brúks og reynast vel í svona verkefni. Youtube er einnig verulega hagnýt og skemmtileg síða og eru kennarar hvattir til að nota hana óhikað í kennslu því þar er hægt að finna nánast hvaða tónlist sem er.

Verkefni 2.

Nemendur semja blústexta við tólf takta blús, en það er algengasta blúsformið. Eins og áður var nefnt fjallar blúsinn yfirleitt um það sem angrar mann og þá helst ástarsorg og fátækt. Áhugavert getur verið að sjá hvað angrar unglingsstúlkur í dag. Hugmyndir að viðfangsefni geta verið t.d. skólaleiði eða ástarsorg. Algengasta form blústexta er þrjár línur og fyrstu tvær línurnar eru yfirleitt endurtekna. Dæmi:

Woke up this morning with an awful aching head
Woke up this morning with an awful aching head
My new man had left me, just a room and an empty bed.

Lag: *Empty Bed Blues* eftir Bessie Smith

Hver lína spannar tvo takta í 4/4. Eftir hverja línu eru svo spilaðir aðrir tveir taktar.

Verkefni 3.

Nemendur semja 12 takta blúslag við textann sem þeir sömdu. Hljómauppbygging hefðbundins blúss er eins og sjá má á eftirfarandi mynd. Hver reitur táknar 4/4 takt.

Hljómarnir eru sýndir með rómverskum tölum.

Píanóhljómar, gítargip, trommutaktar og nánari útskýringar á gripbretti bassans fylgja með sem viðauki aftast í bókinni.

Laglína sungin yfir tvo takta – hljómsveitin spilar tvo takta

I	I	I	I
VI	VI	I	I
V	VI	I	I

Til að byrja með er gott að semja blús í E-dúr. Formið yrði þá:

E	E	E	E
A	A	E	E
B	A	E	E

Laglínur í blús byggja mjög á pentatóník, eða fimm tóna skölum. Þríundin og sjöundin eru litlar ólíkt því sem maður þekkir í dúrtónstigum. Svonefndur blús-tónstigi er mikið notaður í popp, rokki og blús. Þar sem unnið er með blús í E-dúr mundi blús-tónstigin hljóma svona:



Vangaveltur

1. Hversvegna urðu ekki til kvenna hljómsveitir þegar blúsinn þróaðist frá því að vera órafmagnaður í rafmagnaðan blús með hljómsveit?
2. Hvaða blús tónlistakonur þekkir þú?
3. Hvað væri umfjöllunarefni í blústextum ungra stúlkna Íslandi í dag?

Kennsluáætlun vika 2-3

Blús

1. kennslustund (80 mínútur)

Kynning, 10-15 mínútur: Blúsinn kynntur til sögunnar. Tónðæmi. Kennari ætti ekki að staldra of lengi við söguna því nemendur geta farið sjálfir á netið og aflað sér upplýsinga.

Blúsformið kynnt og prófað, 65-70 mín: Blúsform, textaform og hljómagangur kynnt og það sýnt með dæmum á mismunandi hljóðfærum. Nemendur eru beðnir um að spila hljómagang blúss í E-dúr. Ef tími vinnst til eiga hóparnir að byrja á textagerðinni og semja einn blústexta saman.

Heimavinna: Nemendur afla sér upplýsinga um kvenkyns blúsara og útbúa kynningu um hana. Tilvalið er að hengja kynningarnar á vegg í stofunni t.d. með yfirheitinu *Konur sem rokkuðu!*


2. kennslustund (80 mínútur)

Texti saminn, 20-30 mínútur: Nemendur eru beðnir um að semja blústexta.

Laglína samin, 50-60 mínútur: Nemendur semja laglínuna við blústextann og flytja hann með hljómagangnum sem þeir lærðu og var í E-dúr. Kennari getur hæglega sýnt hvernig sóló eru framkvæmd t.d á hljómborð eða á tréspil og þá er kjörið að nýta blús-skalann.

Elísabetarleikhúsið

Blómaskeið bresks leikhúss var á tímum Elísabetar I. Englandsdrottningar og er það oft nefnt tími Shakespeares. Shakespeare fæddist árið 1564 og lést árið 1616, þá 52 ára gamall. Shakespeare ber höfuð og herðar yfir alla aðra í breskri leikritagerð og á sér fáa líka í leiklistarsögunni.



Leikrit
Shakespeares
skiptast í fjóra
flokkka:

- gamanleiki, en í þeim flokki eru t.d. *Draumur á Jónsmessunótt*, *Ys og þys út af engu* og *Prettándakvöld*
- harmleiki, *Hamlet*, *Óþelló*, *Rómeó og Júlía*,
- krónikuleikir, þar sem hann samdi um Englandskonunga, *Rikharður III*, *Hinrik VI*
- söguleg leikrit þar sem að yrkisefnið er sótt í sögur Grikkja og Rómverja, *Antóníus og Kleópatra* (Sveinn Einarsson. 2007:79).

Ýmislegt bendir til þess að margir mismunandi leikstílar hafi verið notaðir á þeim tíma sem Shakespeare skrifaði og setti upp verk sín og í gegnum tíðina hafa verk hans verið sett upp á ótal mismunandi vegu (Banham. 2000:981). Verk Shakespeares eru öll í bundnu máli en það er texti sem er settur saman eftir ákveðnum reglum um hrynjanda, stuðlasetningu og rím.

Leikhúsið og konur innan þess

Á tímum Shakespeares fengu konur ekki að leika í leikritum. Ungir strákar voru fengnir til að leika kvenhlutverkin þangað til þeir fóru í mútur. Þá fengu þeir oft að leika lítil karlhlutverk þar til þeir höfðu öðlast þann þroska og reynslu sem þurfti til að verða atvinnuleikari.



Leikhús þessa tíma voru hringlaga byggingar og á opnu þaklausu svæði í miðjunni var sviðið. Áhorfendur gátu þó ekki komið sér fyrir allan hringinn í kringum sviðið vegna þess að í húsi á bak við það var aðstaða fyrir leikarana. Þeir áhorfendur sem borguðu mest fengu að sitja í sætum undir þaki en þeir sem borguðu minnst stóðu á gólfinu fyrir framan sviðið undir berum himni. Einnig var hægt að fá sæti fyrir ofan sjálft sviðið en það var mjög kostnaðarsamt og þeir sem það gerðu komu í leikhúsið til að láta horfa á sig en ekki til að sjá leikrit (Kolbrún Anna Björnsdóttir, 2008a).



Verkefni

Elísabetarleikhúsið

Verkefni 1.

Nemendur tveir og tveir saman fá stutt textabrot úr einhverju af verkum Shakespeares. Þeir fá nokkrar mínútur til að lesa textann yfir og leggja hann gróflega á minnið. Nemendur fara svo með textann með mismunandi áherslum t.d. hratt, hægt, hlutlaust, ýkt og eðlilega.

Verkefni 2.

Nemendum er skipt í hópa og hver hópur fær það verkefni að búa til stuttan leikþátt í Shakespeare stíl. Efni leikþáttarins er frjálst en mikilvægt er að textaflutningur sé í bundnu máli. Hóparnir sýna svo leikþættina fyrir hina nemendurna.

Vangaveltur

1. Af hverju ætli konur hafi ekki leikið í leikritum á þessum tíma?
2. Hver er staða kvenna í leikhúsheiminum í dag?
3. Hversu marga þekktu íslenska leikara þekkir þú? En leikkonur?

Kennsluáætlun vika 2-3

Elísabetarleikhúsið

1. kennslustund (80 mínútur)

Kynning, 10-15 mínútur: Elísabetarleikhúsið kynnt fyrir nemendum og farið í aðferðir þess.

Upphitun, 10-15 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Textameðferð, 30 mínútur: Nemendur vinna með mismunandi blæbrigði textatúlkunnar (sjá verkefni 1 bls:16).

Stöðuspuni, 20-30 mínútur: Nemendur fara í hópspuna þar sem þeim eru gefnar aðstæður og innri og ytri staða (sjá fylgiskjal bls:48).

Heimavinna: Nemendur horfa á kvikmyndina á Rómeo og Júlía þar sem að Leonardo DiCaprio og Claire Danes fara með aðalhlutverk.

2. kennslustund (80 mínútur)

Áframhaldandi vinna með Elísabetarleikhúsið.

Upphitun, 10-20 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Hópvavinna, 60 mínútur: Nemendur semja atriði sem þeir sýna samnemendum sínum (sjá verkefni 2 bls:16).

Kennslugögn: Kennari útvegar stutt atriði úr verkum Shakespeares þar sem að samtal milli tveggja á sér stað. Atriðið má ekki vera lengri en fjórar til fimm setningar á mann. Einnig er gott fyrir kennara að vera með númeraða miða til að nota í spunaleiknum, fjöldi þeirra fer eftir fjölda nemenda.

Rokk

Rokk (rock 'n' roll) á uppruna sinn að rekja til Bandaríkjanna og voru upphafsár þess á fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Rokkið er afkvæmi blússins, kántrýtónlistar og gospeltónlistar. Tímabil rokksins var stutt en nú á dögum nær hugtakið rokk yfir margar stíltegundir.

Á fyrstu árum rokksins var píanó eða saxafónn leiðandi hljóðfæri en seinna á fimmta áratugnum tók gítarinn við því hlutverki. Takturinn er upprunalega boogie



woogie blús ryðmi. Grunnslagið er þungamiðja þeirrar fastmótuðu ryðmísku undirstöðu sem kallast grúv (groove). Þetta grúv byggist á stöðugu samspili bassa og trommu. Einkennandi fyrir rokkið er einnig áhersla á annað og fjórða slag sem leikið er á sneriltrommu og áhersla á fyrsta og þriðja slag sem leikið er á bassatrommu. Dæmigert rokk er oftast spilað með einum eða tveimur gíturum (leiðandi gítar og ryðmagítar), bassa, og trommusetti (Pétur Hafþór Jónsson. 2007:50-51).

Rokkið hefur þróast mikið í tímanna rás. Oftast er það svo að tónlistarstefnurnar tengjast á einhvern hátt og leitast tónlistarmenn við að tengja saman stílbrigði og skapa með því eitthvað nýtt. Þannig helst þróun tónlistar við. Til eru ýmsar tegundir rokks allt frá þjóðlagarokki til dauðarokks.

Ítarlegri upplýsingar um rokkið, sögu þess og þróun er að finna í bók Péturs Hafþórs, *Hljóðspor* og á veraldarvefnum. Einnig er vert að benda á bók Dr. Gunna, *Eru ekki allir í stuði?*, þar sem hann rekur íslenska rokksögu.

Konur og rokk

Þrátt fyrir að ekki sé mikið af rokkhljómssveitum skipuðum konum í sögunni eru talsvert margar konur sem syngja og hafa sungið rokk. Þær eru þó nokkrar hljómssveitirnar sem vert er að nefna.

Rokkhljómssveitin *Heart* frá Bandaríkjunum var stofnuð á sjöunda áratugnum. Í þeirri sveit voru tíðar mannbreytingar en þær sem héldust í



sveitinni allan tímann voru systurnar Ann og Nancy Wilson. Ann var söngkona sveitarinnar og Nancy gítarleikari. Hljómssveitin varð fræg á sjöunda áratugnum og var undir áhrifum rokks og þjóðlagatónlistar í bland. Eftir dalandi vinsældir um miðjan áttunda áratuginn fór sveitin að færa sig yfir í kraftballöður en um miðjan níunda áratuginn ákváð hún að leita aftur í uppruna sinn og spila rokk. Sveitin hefur selt yfir 30 milljón plötur um heim allan (Heart-Biography. [án árs]).

Íslenska rokksveitin Dúkkulísurnar var vinsæl á sínum tíma og eftir þær liggja lög á borð við Svarthvíta hetjan mín og lagið um Pamela í Dallas. Nokkrar stúlkna-rokksveitir hafa skotið upp kollinum á Íslandi gegnum tíðina. Má þar nefna Brúðarbandið, Rokkslæðurnar og Grýlurnar.



Hlustun

4. Heart. *Alone*
5. Dúkkulísurnar. *Pamela í Dallas*
6. Grýlurnar. *Ekkert mál*
7. Brúðarbandið. *Ástaróður*

Verkefni

Rokk

Verkefni 1.

Nemendur leita upplýsinga á internetinu, finna frekari heimildir um kvenkyns rokksveitir og söngkonur, íslenskar og erlendar og útbúa stutta kynningu. Eins og áður er bent á eru Wikipedia síðurnar og Youtube góðar hjálparsíður.

Verkefni 2.

Nemendur semja rokklag í 4/4 takti. Gott er að byrja á því að raða upp hljómaganginum í laginu og ákveða byggingu lagsins.

Blús hljómagangur er algengur í gömlum rokklögum og einfalt er að rokka blúsformið upp. Þar sem að nemendur hafa kynnst blúsnum örlítið er tilvalið að nýta sér það. Algeng hringekja (endurtekning) hljóma er I-VI-II7 – V7, sem í C-dúr væri þá C-Am-Dm7-G7. Hver hljómur nær yfir einn takt.

Rokklagi er oft skipt í tvo hluta, A-kafla og B-kafla, eða erindi og viðlag. Forspil er oft 4 taktar, erindi 8 taktar og viðlag 8 taktar. Uppröðun rokklagsins getur verið með ýmsu móti en einföld uppbygging getur verið: Forspil, A-kafla, B-kafla, A-kafla, B-kafla, B-kafla, eftirspil.

Verkefni 3.

Nemendur semja texta við rokklagið sem þeir sömdu. Umfjöllunarefnið er frjálst.

Vangaveltur

1. Hver ætli ástæðan sé fyrir því að svo margar strákahljómsveitir hafi orðið til í bílskúrum landsins en fáar stúlkna sveitir?
2. Hversu margar stúlkna sveitir þekkir þú?

Kennsluáætlun vika 4-5

Rokk

1. kennslustund (80 mínútur)

Kynning, 10-15 mínútur. Rokkið kynnt til sögunnar.

Umræða um þetta form tónlistar. Tóndæmi

Rokkformið kynnt og prófað, 65-70 mín: Rokk formið kynnt. Einnig hljómagangar, trommutaktar og uppsetning rokkklags. Hér væri gott að vera með eitthvað klassískt rokklag sem nemendur geta æft sig á. Hugmynd um slíkt lag er t.d. Hound dog með Elvis Prestley (sjá fylgiskjal bls:47).

Heimaverkefni: Nemendur kynna sér kvenkyns rokkara, útbúa stutta kynningu og síðan er kynning hengd uppá vegg kennslustofunnar í næsta tíma.

2. kennslustund (80 mínútur)

Nemendur semja rokklag og texta. Það getur verið dálítið snúið að búa til texta við rokklag því hann er lengri en einfaldur blústexti. Hér gæti því verið kjörið að nýta samþættingu við aðrar námsgreinar og þá gætu nemendur fengið að vinna textagerðina í íslenskutíma eða í kennslustund í ensku.

Commedia dell' arte

Commedia dell'arte er heiti á leiklistarhefð og leiktækni sem er upprunnin frá Ítalíu á 16. öld. Hefðin þróaðist meðal alþýðunnar og varð í raun til á ítölskum markaðstorgum.



Leikstillinn, sem er stór og mikill, er þungamiðjan í Commedia dell'arte og áhersla er lögð á látbragð. Á ítölsku þýðir commedia gamanleikur og arte list eða iðn þannig að Commedia dell'arte þýðir í rauninni gamanleikur atvinnulistamanna (Rudlin. 1994:23).

Sýningarnar sem listamennirnir settu upp voru að mestu leiti spunnar, en hver og einn leikari lék yfirleitt sömu persónuna í mörgum sýningum. Grímur spila veigamiknið hlutverk í Commedia dell'arte og átti hver gríma sína persónu. Leikararnir sem settu upp grímuna urðu um leið að þeirri persónu sem tilheyrði henni og urðu að tileinka sér alla eiginleika grímunnar (Rudlin. 1994:34-35).

Commedia dell'arte leikhópar voru iðulega farandleikhópar sem ferðuðust um Evrópu og sýndu sýningarnar sínar í leiguhúsnæðum og á markaðstorgum. Sumir hóparnir gerðu samninga við konungsfjölskyldur og unnu þá í þeirra nafni. Meðlimir leikhópanna mynduðu sterk bönd sín á milli og voru eins og ein stór fjölskylda (Pavis. 1998:69-70).

Commedia dell'arte og konur

Commedia dell'arte leikstíllinn er merkilegur meðal annars vegna þess að kvenhlutverkin voru leikin af konum og eru til heimildir um það allt frá 16.öld. Yfirleitt var það svo að



leikkonurnar sem fengu að leika voru af aðalsættum. Enskir leikhús- gagnrýnendur settu mikið út á það að ítalskar konur fengu að leika á sviði og uppúr 1570 reyndu ítalskir ráðamenn að banna það. Þrátt fyrir þessar tilraunir voru leikkonur orðnar viðurkenndur hluti af ítölsku leikhúslífi í lok 16.aldar. Reyndar var það þannig að kvenhlutverkin voru ekki jafn bitastæð og karlhlutverkin, konurnar birtust oft á sviðinu í mjög stuttan tíma og sögðu ekki mikið (Smith. [án árs]).

Fyrsta atvinnuleikkona innan Commedia dell'arte í Evrópu sem þekkt er með nafni, var hin ítalska Isabella Andreini (1562–1604). Hún stýrði ásamt eiginmanni sínum Commedia dell'arte leikhópnum Gelosi og var mjög virt bæði fyrir leik sinn en einnig fyrir skrif um leiklist (Kolbrún Anna Björnsdóttir. 2008a).

Verkefni

Commedia dell'arte

Verkefni 1.

Unnið er með grímur og áhersla lögð á látbragð. Farið verður í spunaleiki, nemendum gefnar aðstæður til að vinna úr og leyft að kanna hversu mikið er hægt að tjá án orða. Kennara er frjálst að finna aðstæður fyrir nemendurna til að vinna með en einnig fylgja kennsluefninu nokkrar hugmyndir (sjá fylgiskjal bls:49).

Verkefni 2.

Nemendur velja sér eina tilfinningu og út frá henni búa þeir sér til persónu, gefa henni nafn, búa til heimilisaðstæður, atvinnu, fjölskyldu o.s.frv. Þegar persónan er fullsköpuð fara nemendur út á gólf og finna viðeigandi göngulag, líkamsburð, kæki, rödd o.fl. fyrir persónuna. Nemendum er svo skipt niður í fjögurra manna hópa og á hver hópur fyrir sig að spinna upp aðstæður þar sem persónur þeirra hittast í fyrsta sinn.

Vangaveltur

1. Notum við grímur í daglegu lífi?
2. Hvernig getur líkamsstaða gefið til kynna hvernig okkur líður?
3. Segjum við oft eitt með orðum og annað með líkamanum? Hvenær?

Kennsluáætlun vika 4-5

Commedia dell'arte

1. kennslustund (80 mínútur)

Kynning, 10-15 mínútur: Commedia dell'arte leikstillinn og aðferðir hans kynntar fyrir nemendum.

Upphitun, 10-15 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Grímuvinna, 50-60 mínútur: Nemendur vinna með grímur sem tjá mismunandi tilfinningar (sjá verkefni 1 bls:24).

2. kennslustund (80 mínútur)

Áframhaldandi vinna með Commedia dell'arte leikstillinn.

Upphitun 10-15, mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Persónusköpun, 15-25 mínútur: Nemendur búa til persónu út frá einni tilfinningu (sjá verkefni 2 bls:24).

Hópvinna og spuni, 35-40 mínútur: Nemendur vinna áfram með persónurnar sem þeir sköpuðu og búa til spuna í hópum (sjá verkefni 3 bls:24).

Kennslugögn: Kennari útvegar grímur sem sýna mismunandi tilfinningar. Ef erfitt reynist að útvega grímur er hægt að samþætta verkefnið við myndmennt og láta nemendur hanna sínar eigin grímur. Þetta þarf að sjálfsögðu að skipuleggja með góðum fyrirvara og í samvinnu við myndmenntakennara.

Pönk

Deilt er um upphaf pönksins og eru ástæðurnar fyrir því m.a. þær að pönkið varð til á nokkrum stöðum á sama tíma og þannig skapaðist mismunandi túlkun fólks á pönkstefnunni.

Pönk eða „Punk Rock“ eins og það er kallað á ensku var upprunalega notað til að lýsa bílskúrsbanda - tónlistarmönnum á sjötta áratug síðustu aldar. Í bílskúrum voru



hljómsveitir sem byrjuðu að spila án þess að hafa nokkurn tónlistarlegan bakgrunn og kunnu því takmarkað á hljóðfæri sín. Fyrst þeir kunnu ekki reglur tónlistarinnar gátu þeir brotið þær (Colegrave. 2005:78).

Hráleika og kraft pönksins má rekja aftur til sjötta áratugsins í New York. Þá urðu til hljómsveitir á borð við The Ramones, sem er almennt talin fyrsta pönkgrúppan, Wayne Country, Johnny Thunders and the Heartbreakers og fleiri. Á sama tíma þróaðist pönk stefnan í Englandi en hún átti sér pólitískar og efnahagslegar rætur. Efnahagur fólks í Englandi var slæmur og atvinnuleysi var í sögulegu hámarki. Æska Englands var reið, uppreisnargjörn og atvinnulaus. Hún hafði sterkar skoðanir og nægan frítíma til að tjá þær.

Þarna varð líka upphaf pönk tískunnar sem snerist í kringum eina búð. Sú búð hét einfaldlega SEX og var í eigu Malcom McLaren sem er einnig þekktur fyrir að hafa verið umboðsmaður hljómsveitarinnar Sex Pistols sem varð ákaflega vinsæl á seinni hluta áttunda áratugarins (Strongman. 2008:58 -64).

Konur og pönk

Ein þekktasta kvennahljómsveit sem skotið hefur upp kollinum hérlandis er rokk/pönk hljómsveitin Grýlurnar.

Það var söngkonan Ragnhildur Gísladóttir sem átti hugmyndina að því að stofna hljómsveit eingöngu skipaða konum. Litríkir búningar, máluð andlitin og fríkað rokkið höfðaði til unglingsstúlkna sem létu sig dreyma um að stofna kvennabönd. Platan



Mávastell kom út 1983 og seldist vel. Grýlurnar náðu talsverðum vinsældum utan landsteinanna og héldu nokkra tónleika í Skandinavíu og komu einnig fram í sjónvarpi og útvarpi. Þær héldu í tónleikaferð vestur um haf þar sem þær komu fram undir nafninu *The Witches*. Þessar fyrirmyndir kvenna í rokki og pönki voru bráðnauðsynlegar og hafði áhrif á það að sveitir eins og Brúðarbandið, og Kolrassa urðu til (Gunnar L. Hjálmarsson. 2001:222-226).

Eitt af þekktum nöfnum pönktímabilsins var Nina Hagen. Nina stofnaði hljómsveitina Nina Hagen Band og gaf út samnefnda plötu sem hlaut talsverða athygli þarlandis. Á plötunni syngur hún hrátt pönk eina stundina þar sem hún notar raddböndin eins og rifjárn og aðra stundina hefur hún upp raust sína eins og óperusöngkona og sýnir þar hversu fjölhæf rödd hennar er. Nina hefur í gegnum árin hlotið athygli á heimsvísu og hefur verið kölluð bæði móðir og drottning pönksins (Royal. [án árs]).



Hlustun

7. Grýlurnar. *Sísí*
8. Brúðarbandið. *Sætar stelpur*
9. Nina Hagen band. *Future is now*

Verkefni Pönk

Verkefni 1.

Nemendur leita að efni á internetinu, finna frekari heimildir um kvenkyns pönksveitir og söngkonur íslenskar og erlendar og semja stutta kynningu. Eins og áður er bent á eru Wikipedia síðurnar og Youtube góðar hjálparsíður.

Verkefni 2.

Nemendur fá það verkefni að semja pönklag. Gott er að byrja á því að raða upp hljómaganginum í laginu og ákveða byggingu þess.

Pönk er í raun eins og harðari, reiðari, ágengari og einfaldari útgáfa af rokki. Það er í raun nóg fyrir nemendur að kunna þrjá hljóma t.d G, C og D og þá eru þeir komnir með grunn af pönk- lagi. Það er yfirleitt í 4/4 takti. Hugmyndin á bak við pönkið er að lúta ekki reglum og viðmiðum svo að nemendur eru hvattir til að brjóta allar reglur þegar kemur að þessum hluta tónsmíðanna.

Verkefni 3.

Nemendur semja texta við pönk lagið sem þeir hafa þegar samið. Pönk er tjáningarmáti, þar sem reglur eru til að brjóta og frelsi ríkir til að tjá þær tilfinningar sem þörf er á. Reglurnar eru að það eru engar reglur!

Vangaveltur:

1. Hvaða pönk hljómsveitir þekkir þú?
2. Getur þú nefnt eina pönksveit skipaða konum?
3. Á pönkið enn við í dag? Um hvað myndu íslenskir pönkara semja?

Kennsluáætlun vika 6-7

Pönk

1. kennslustund (80 mínútur)

Pönkað, 5 -10 mín: Þar sem pönk snýst um viðhorf og að segja sína skoðun þarf að hrista uppí nemendum og fá raddir þeirra fram. Allir nemendur standa í hring og eiga að öskra eins hátt og þeir mögulega geta. Fyrst allir saman en síðar hver og einn nemandi.

Kynning, 20-30 mín: Pönkið kynnt til sögunnar. Tóndæmi tekin og jafnvel sýnd myndbönd af Youtube. Unnið verður með viðhorf og framkomu. Rætt eru um möguleg umfjöllunarefni, eins og t.d. hvað sé að angra og pirra unglingsstúlkur í dag. Í leiklist er verið að vinna með raunsæstímabil leikhússins og nýtist það vel í tengslum við pönkið.

Lag samið, 30-40 mín: Nemendur byrja að spila saman, búa til form lagsins. Ef tími gefst til þá er hægt að byrja á textagerð.

Heimavinna: Nemendur kynna sér pönk hljómsveit eða listakonu og eru verkefnin hengd á vegg skólastofunnar í næsta tíma.

2. kennslustund (80 mínútur)

Unnið áfram með pönk lagið og textann og það fullklárað.

Raunsæisstefna

Konstantin Stanislavski (1863–1938) var leikari, leikstjóri og leiklistarkennari. Hann stofnaði Listleikhús Moskvu ásamt Vladimir Nemirovich Danchenko árið 1898. Á þeim tíma sem leikhúsið var stofnað var leikstíll almennt ýktur og sviðið og leikmyndin óraunveruleg. Stanislavski vildi hins vegar ná fram andstæðum þessa leikstíls. Hann vildi



líkja svo fullkomlega eftir raunveruleikanum á sviðinu að áhorfendur myndu þeir vera að fylgjast með raunverulegum atburðum hjá raunverulegu fólki í gegnum ósýnilegan vegg. Leikarinn átti að lifa sig svo inn í aðstæðurnar að honum myndu hann ekki vera að leika heldur upplifa (Kolbrún Anna Björnsdóttir, 2008b).

Stanislavski setti fram nokkrar kenningar sem nota má við kennslu og leikstjórn. Þessar kenningar eru í raun grundvöllur raunsæisstefnunnar í leiklist og miða að því að sýna „raunveruleikann“ á sviðinu. Á æfingaferlinu þurfa allir aðstandendur sýningar að komast að því hver kjarni leikritsins sjálfs og persónanna innan þess er. Leikararnir þurfa að þekkja persónuna sem þeir leika út og inn og gera sér grein fyrir ætlunum hennar, vonum og þráum. Leikararnir þurfa að geta sett sig í spor persónunnar og fundið leið til að yfirfæra tilfinningar persónunnar á sig á meðan þeir leika. Leikararnir þurfa einnig að nýta eigin minningar til að túlka þær tilfinningar sem persónan finnur. Aðferðir Stanislavskis eru kenndar við flesta vestræna leiklistar- og leikstjóraskóla (Kolbrún Anna Björnsdóttir, 2008b).

Konur og raunsæisstefna

Raunsæisstefnan (Stanislavski) er ráðandi í flestum leikhúsum og bíómyndum. Staða kvenna á þessum vettvangi er í dag svipuð og karlmannna, þó að oft megi deila um það hvort að kvenhlutverkin séu jafn bitastæð og karlhlutverkin.



Árið 2010 fékk fyrsta konan Óskarsverðlaun fyrir leikstjórn og því mætti kannski setja spurningamerki við það hvort að kvenleikstjórar týnist innan um alla karlana.

Til gamans má geta þess að á Íslandi eru þrjú stór leikhús. Í tveimur þeirra eru kvenkyns leikhússtjórar og er annað þeirra Þjóðleikhús Íslands.

Verkefni

Raunsæisstefna

Verkefni 1.

Nemendum er skipt í fjögurra manna hópa. Hóparnir fara allir á sinn hvorn staðinn svo að ekkert heyrir á milli þeirra. Þegar komið er á sinn stað segir einn hópmeðlimur hinum sem eru með honum í hópi sanna sögu af sjálfum sér. Hinir læra söguna og þegar þeir eru búnir að því safnast allir hóparnir saman. Nú sest einn hópur í einu á gólfið og segir söguna sína, þ.e. allir í hópnum segja söguna eins og hún sé þeirra eigin. Þegar allir hafa sagt söguna giska hinir hóparnir á hver hafi upphaflega átt söguna.

Verkefni 2.

Nemendum er skipt upp í hópa og hver hópur fær það verkefni að búa til atriði þar sem að upp kemur raunverulegt vandamál sem nemendur þekkja úr sínu daglega lífi. Í atriðinu er ein persóna sem lendir í vandræðum og á að leysa úr þeim. Þeir sem eftir eru gera henni það ekki auðvelt (sjá þátttökuleikhús bls:50).

Verkefni 3.

Atriðin sýnd og eftir hvert atriði eru umræður um þau. Eftir að allir hóparnir hafa sýnt atriði sín og rætt hefur verið um þau eru þau sýnd aftur. Í þetta skipti mega áhorfendur stoppa framvindu atriðisins og stíga sjálfir inn í það með lausn sem þeim finnst betri (sjá þátttökuleikhús bls:50).

Vangaveltur

1. Er hægt að vera einhver annar en maður sjálfur þegar verið er að leika?
2. Reynum við stundum að vera einhver annar en við erum í daglega lífinu? Af hverju ætli við gerum það?

Kennsluáætlun vika 6-7

Raunsæisstefna

1. kennslustund (80 mínútur)

Kynning, 10-15 mínútur: Raunsæisstefnan og aðferðir hennar kynntar fyrir nemendum.

Upphitun, 10-15 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Söguleikur, 20-25 mínútur: Nemendur vinna í hópum með sögur frá sjálfum sér (sjá verkefni 1 bls:32).

Atriðavinna, 30-35 mínútur: Nemendur semja lítið atriði út frá raunverulegu vandamáli sem þeir sjálfir þekkja (sjá verkefni 2 bls:32).

2. kennslustund (80 mínútur)

Unnið er áfram með raunsæisstefnuna og aðferðir hennar.

Upphitun, 10-15 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Atriðavinna, 20-25 mínútur: Nemendur rifja upp atriðið sem þeir bjuggu til í síðasta tíma og æfa það.

Sýning og umræður, 40-50 mínútur: Nemendur sýna atriði sín og eftir sýningu eru umræður og þátttaka áhorfenda (sjá verkefni 3 bls:32).

Kennslugögn: Engin eiginleg kennslugögn. Fyrir leiklistarkennara er alltaf gott að vera með einhverja búninga og leikmuni á takteinum ef nemendur vilja nýta sér slíkt í vinnu sinni.

Tónlistarforrit og veraldarvefurinn

Einn liður í kennslunni er að taka upp geisladisk með þeim lögum sem nemendur hafa samið og útsett. Tónlistarforrit geta verið mjög dýr og ekki hafa allir skólastjórnendur ráð á því að fjárfesta í þess konar forritum. Hægt er að nálgast góð og ódýr forrit á internetinu sem eru auðveld í notkun. Í Apple tölvunum er forritið *Garage band* sem er ekki flókið í notkun og ættu nemendur á unglingastigi ekki að eiga erfitt með að finna út úr því. Annað forrit sem gæti jafnvel hentað betur er forritið *Audacity*. Hægt er að hlaða því niður af netinu ókeypis og gengur það forrit líka í PC tölvur sem eru notaðar í flestum skólum.

Önnur hugmynd að verkefni er að búa til tónlistar-myndband eða stuttmynd og þá er kjörið að nýta forritið *Movie Maker* sem fylgir Apple tölvunum. Það er einfalt í notkun og tilvalið að láta nemendur prófa sig áfram með notkun þess. Í tölvuvinnu er gott að styðjast við námsefnið *Tónlist og Tölvur* eftir Flosa Einarsson.

Umhugsunarefni: Eitt höfuðmarkmið þessa kennsluefnis er að yta undir sjálfstæði nemenda. Kennarinn á hér að vera í hlutverki aðstoðamanns og leiðbeinanda en lykilatriði er að nemendur reyni upp á eigin spýtur að fíkra sig áfram í sköpuninni. Á veraldarvefnum er hægt að finna ótal síður sem ættu að hjálpa til við að slíkt sjálfsnám eigi sér stað. Á vefsíðunni *Youtube* er hægt að finna ótal áhugaverð myndbönd þar sem sýnd eru undirstöðuatriði þess að spila á hljóðfæri eins og bassa, trommu, rafmagnsgítar og hljómborð. Því eru kennarar hvattir til að sýna nemendum þessar síður og hvetja þá til að skoða þær og fíkra sig þannig áfram.

Kennsuáætlun vika 8-9

Tölvur

1. kennslustund (80 mínútur)

Nemendur prófa sig áfram, 40 mín: Kynning á notkun upptökuforritanna *Garageband* og/eða *Audacity*. Mikilvægt er að leyfa nemendum að prófa sig áfram.

Upptökur, 40. mín: Nemendur taka upp lögin þrjú sem þeir hafa samið, þeir nota forritin sem þeir þegar hafa lært á. Lögin eru í blús-, rokk- og pönk stíl.

2. kennslustund (80 mínútur)

Nemendur prófa sig áfram, 40 mín: Forritið *Movie maker* eða önnur álíka forrit eru kynnt. Kennari sýnir hvernig hægt er að útbúa einföld myndbönd eða stuttmyndir. Nemendur fá að prófa sig áfram og fá upptökuvél til afnota.

Upptökur, 40 mín: Nemendur búa til stuttan myndbandsbút tengdan því sem verið er að vinna með í leiklistinni. Þessi bútur gæti verið hugmynd að tónlistarmyndbandi eða stuttmynd.

Meló drama

Meló drama kom fram sem leikstíll á 18. öld. Meló drama er í raun blanda af orðunum melody (lag) og drama (leiklist) en aðalsmerki meló dramatíks leikstíls



er einmitt sá að tónlist er notuð til að magna upp þær tilfinningar sem leikararnir túlka hverju sinni. Persónurnar í melódramatískum verkum eru alltaf annað hvort vondar eða góðar og tilfinningar hvers og eins eru mjög ýktar. Illmennið er mjög vont á meðan að hetjan er verulega góð.

Meló drama er sérstaklega áberandi í óperum og áður en að hljóð kom á bíómyndir mætti segja að þær hafi verið leiknar í þessum stíl. Melódramatískur stíll sést ennþá í bíómyndum en lifir einna helst í sápuóperum, söngleikjum og ástarsögum (Pavis.1998:208-9).

Verkefni

Meló drama

Verkefni 1.

Nemendum er skipt í hópa. Hver hópur er beðinn um að skrifa lítið atriði í meló dramatískum stíl þar sem ýktar tilfinningar og staðlaðar persónur koma fyrir. Þegar atriðið er tilbúið og búið er að skipa í hlutverk er það æft.

Verkefni 2.

Hóparnir velja sér í sameiningu tónlist (úr því sem nemendur komu með að heiman) til að magna upp tilfinningarnar sem verið er að leika í atriðinu. Þegar tónlistin er fundin og búið að ákveða hvar best sé að nota hana er atriðið æft og nú með tónlistinni.

Vangaveltur

1. Er eitthvað óeðlilegt við þennan leikstíl?
2. Hvernig sýnum við tilfinningar okkar?
3. Getur tónlist fengið okkur til að upplifa mismunandi tilfinningar?

Kennsluáætlun vika 8-9

Meló drama

1. kennslustund (80 mínútur)

Kynning, 10-15 mínútur: Meló drama leikstíll og aðferðir hans kynntar fyrir nemendum.

Upphitun, 10-15 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Atriðavinna, 50-55 mínútur: Nemendum er skipt í litla hópa, hver hópur býr til stutt atriði (sjá verkefni 1 bls:37).

Heimavinna: Nemendur finna tillögur að tónlist sem þeim finnst passa við atriðið og koma með í næsta tíma. Einnig er gott ef að þeir geta komið með búninga.

2. kennslustund (80 mínútur)

Unnið áfram með meló drama.

Upphitun, 10-15 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitun eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott getur verið að nota leiki.

Atriðavinna, 25-30 mínútur: Nemendur halda áfram að vinna með atriði sín frá í síðasta tíma (sjá verkefni 2 bls:37).

Atriði sýnd, 40 mínútur: Hóparnir sýna atriði fyrir samnemendur sína, gaman væri ef nemendur væru í búningum og öllu tilheyrandi.

Kennslugögn: Engin eiginleg kennslugögn.

Söngleikur

Þegar hér er komið sögu eru nemendur búnir að kynnst fjórum leiklistarstefnum, þremur tónlistarstefnum og tölvuforritum. Þá hefst ferli sem miðar að því að flétta þessa þekkingu saman og skapa sameiginlega lokaafurð námskeiðsins, söngleik sem nemendur semja sjálfir. Nemendur hafa öðlast reynslu í því að; setja sig í hlutverk, spinna, vinna atriðið, æfa hljóðfæraleik og leik og ætti vinnan því að verða þeim skemmtileg.

Þegar unnin eru stór verkefni sem þessi er upplagt að nýta sér sambættingu við aðrar námsgreinar svo sem myndmennt, textílmennt, smíði og íslensku. Þannig gefst meiri tími og möguleiki á að hafa sýninguna stærri í sniðum. Hér á eftir fylgir kennsluáætlun og tímaskipting á þeim sjö vikum sem ætlaðar eru í söngleikjavinnu.

Hugmyndin er að semja 30-40 mínútna langan söngleik. Í honum eiga að vera þrjú frumsamin lög eftir nemendur og er þá kjörið að nýta þau lög sem nemendur hafa samið á önninni. Nemendur eiga sjálfir að semja handrit söngleiksins og því upplagt að nýta eitthvað af því efni sem nemendur hafa gert í spuna eða atriðavinnu.

Kennsluáætlun vikur 10-17

Söngleikur

1. kennslustund (80 mínútur)

Upphitun, 10-15 mínútur: Þar sem að ekki verður farið í líkamlega vinnu er upphitun ekki nauðsynleg en gaman er að byrja tímann á skemmtilegum leik. Hugmyndir að leikjum má finna á leikjavefurinn.is.

Umræður og hugmyndavinna, 65-70. mín. Nemendur ræða saman um hvað söngleikurinn eigi að fjalla og kennari skráir hugmyndir þeirra. Í lok tímans ætti að vera komin beinagrind af söngleiknum.

2. kennslustund (80 mínútur)

Upphitun, 10-15 mínútur: Þar sem að ekki verður farið í líkamlega vinnu er upphitun ekki nauðsynleg en gaman er að byrja tímann á skemmtilegum leik. Hugmyndir að leikjum má finna á leikjavefurinn.is.

Atriðavinna 65-70 mín: Kennarar rifjar upp söguþráðinn sem ákveðinn var. Eftir upprifjunina skipta nemendur söguþráðinum niður í atriði. Eftir það er nemendum skipt í hópa, hver þeirra þróar eitt atriði áfram og skrifar handrit þess.

3. kennslustund (80 mínútur)

Upphitun 10-15 mínútur: Þar sem að ekki verður farið í líkamlega vinnu er upphitun ekki nauðsynleg en gaman er að byrja tímann á skemmtilegum leik. Hugmyndir að leikjum má finna á leikjavefurinn.is.

Kynning á atriðum, 65-70 mín: Hóparnir kynna atriði sín fyrir hvor öðrum. Þarna geta nemendur skipst á hugmyndum og skoðunum um atriðin, en einnig á hugmyndum um búninga og leikmynd sem þeir svo vinna í þeim fögum sem koma að söngleiknum t.d. smíði, textílmenn og myndmenn.

4.-6. kennslustund (80 mínútur hver)

Upphitun 10-15 mínútur: Þar sem að ekki verður farið í líkamlega vinnu er upphitun ekki nauðsynleg en gaman er að byrja tímann á skemmtilegum leik. Hugmyndir að leikjum má finna á leikjavefurinn.is.

Atriðavinna, 65-70 mín: Hóparnir halda áfram að vinna að söngleiknum og flétta nú löginn inn í söguþráðinn. Ef vilji er fyrir hendi að bæta við fleiri lögum er alltaf hægt að taka þekkt lög og jafnvel útsetja löginn á nýjan hátt. Einnig er hægt að taka lög upp í forritunum *Garageband/Audacity* og setja þau á disk. Hér er beðið um að handrit söngleiksins sé klárað.

7. kennslustund (80 mínútur)

Upphitun 10-15 mínútur: Þar sem að ekki verður farið í líkamlega vinnu er upphitun ekki nauðsynleg en gaman er að byrja tímann á skemmtilegum leik. Hugmyndir að leikjum má finna á leikjavefurinn.is.

Verkaskipting, 65 – 70 mínútur: Handritið lesið og skipað í hlutverk. Þeir nemendur sem alls ekki vilja leika geta tekið að sér önnur ekki síður mikilvæg hlutverk eins og leikmynd, búninga, förðun, hljóð og ljós.

8. - 10. kennslustund (80 mínútur hver)

Upphitun 10-15 mínútur: Kennara er frjálst að hafa upphitunina eftir sínu höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott er að nota leiki.

Atriða- og tónlistarvinna 65-70 mínútur: Æfingar hefjast. Í leiklistartímum verður unnið með textann og talað mál en í tónlistartímum verða hljómsveitaræfingar og smám saman tengjast atriðin saman.

11.-13. kennslustund (80 mínútur hver)

Upphitun: Nemendur sjá sjálfir um að hita sig upp og vera tilbúnir þegar að þeim kemur í atriðum dagsins.

Atriðavinna, 80 mínútur: Kennarar ákveða hvaða atriði er unnið með. Þeir sem ekki eru í þeim atriðum æfa

söngatriði, önnur atriði eða texta. Hér er mikilvægt að allir búningar og leikmunir séu að verða klárir sem og sviðsmynd.

14. kennslustund (80 mínútur)

Upphitun, 10-15 mínútur: Kennurum er frjálst að hafa upphitun eftir þeirra höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott er að nota leiki.

Rennsli, 65-70 mínútur: Hér verður söngleiknum „rennt” í heild sinni í fyrsta sinn (að æfa söngleikinn í heild sinni kallast rennsli á leikhúsmáli). Gera má ráð fyrir því að oft þurfi að stoppa, breyta og bæta. Hér þurfa ljósa- og hljóðkonur að fá tíma til að vinna sína vinnu og merkja tímasetningar í handrit sín.

15. kennslustund (80 mínútur)

Tæknirennisli, 80 mínútur: Hér verður farið í gegnum söngleikinn í þeim tilgangi að ljós- og hljóðkonur fái að klára sína vinnu. Ef tíminn er nægur þá er venjulegt rennsli á eftir tæknirennslinu.

















































16. kennslustund (80 mínútur)

Upphitun, 10 mínútur: Kennurum er frjálst að hafa upphitun eftir þeirra höfði en hafa skal í huga að mikilvægt er að hita röddina vel upp áður en leiklistarvinna hefst. Gott er að nota leiki.


Rennsli 70 mínútur: Söngleiknum rennt í gegn, helst tvisvar sinnum.

Frumskýning!!!

Fylgiskjöl Píanóhljómar

 A	 Am	 A7	 Am7
 Bb	 Bbm	 Bb7	 Bbm7
 B	 Bm	 B7	 Bm7
 C	 Cm	 C7	 Cm7
 Db	 Dbm	 Db7	 Dbm7
 D	 Dm	 D7	 Dm7
 Eb	 Ebm	 Eb7	 Ebm7
 E	 Em	 E7	 Em7
 F	 Fm	 F7	 Fm7
 Gb	 Gbm	 Gb7	 Gbm7
 G	 Gm	 G7	 Gm7
 Ab	 Abm	 Ab7	 Abm7

Gítarhljómar



Nokkrir trommutaktar

Hér er dæmi um einfaldan rokktakt. Ef hann er spilaður hratt er þetta pönk taktur.

Musical notation for a simple rock beat. The score is written for three parts: Hi-hat, Sneril tromma (Snare), and Bassa tromma (Bass). The Hi-hat part consists of a continuous eighth-note pattern. The Snare part consists of quarter notes on the 2nd and 4th beats of each measure. The Bass part consists of quarter notes on the 1st and 3rd beats of each measure. The piece is in 4/4 time and consists of four measures.

Hér er dæmi um einfaldan blústakt.

Musical notation for a simple blues beat. The score is written for three parts: Hi-hat, Sneril tromma (Snare), and Bassa tromma (Bass). The Hi-hat part consists of eighth notes on the 1st and 3rd beats, and quarter notes on the 2nd and 4th beats. The Snare part consists of quarter notes on the 2nd and 4th beats. The Bass part consists of quarter notes on the 1st and 3rd beats. The piece is in 4/4 time and consists of four measures.

Gaman er að brjóta taktinn aðeins upp, spila áttundapart í stað fjórðaparts og nota þögn, þá kemur annar og skemmtilegur blær.

Musical notation for a complex blues beat. The score is written for three parts: Hi-hat, Sneril tromma (Snare), and Bassa tromma (Bass). The Hi-hat part consists of eighth notes on the 1st and 3rd beats, and quarter notes on the 2nd and 4th beats. The Snare part consists of quarter notes on the 2nd and 4th beats. The Bass part consists of quarter notes on the 1st and 3rd beats, with a quarter rest on the 2nd beat of each measure. The piece is in 4/4 time and consists of four measures.

Gripbretti rafbassans

G	G#/Ab	A	A#/Bb	B	C	C#/Db	D	D#/Eb	E	F	F#/Gb
D	D#/Eb	E	F	F#/Gb	G	G#/Ab	A	A#/Bb	B	C	C#/Db
A	A#/Bb	B	C	C#/Db	D	D#/Eb	E	F	F#/Gb	G	G#/Ab
E	F	F#/Gb	G	G#/Ab	A	A#/Bb	B	C	C#/Db	D	D#/Eb
I		II	III	IV	V	VI	VII	VIII	IX	X	XI

Hound dog

C
You ain't nothing but a hound dog
C
cryin all the time
C7 F9
You ain't nothing but a hound dog
C
cryin all the time
G7
Well you ain't never caught a rabbit
F7 C
and you ain't no friend of mine

C7
When they said you was high class
C
well that was just a lie
F9
When they said you was high class
C
well that was just a lie
G7
Well you ain't never caught a rabbit
F7 C C7
and you ain't no friend of mine

Spunaæfingar

Hópspuni: Spuninn gengur út á það að einn þátttakandinn á afmæli og er að taka á móti gestum. Hinir nemendurnir leika gestina. Hver og einn gestanna velur sér eina tilfinningu sem þeir ætla að túlka. Einn gestur í einu mætir í afmælið (sem er inni í kennslustofunni) og tekur gestgjafinn á móti þeim. Gesturinn má ekkert tala en túlkar bara tilfinninguna sem hann valdi sér. Gestgjafinn smitast af tilfinningunni og fer að túlka sömu tilfinninguna og þeir spinna út frá því þangað til næsta gest ber að garði. Eins og áður má nýji gesturinn ekki gefa frá sér hvaða tilfinningu hann valdi, nema með líkamsstillingu og framkomu. Gestgjafinn, ástamt þeim gesti sem þegar er kominn, smitast af tilfinningu nýja gestsins. Þannig heldur leikurinn áfram koll af kalli þangað til allir gestirnir eru komnir í veisluna. Hægt er að láta tvo koma inn í einu og þá velja nemendur hvora tilfinninguna þeir ætla að túlka (Ása Helga Ragnarsdóttir. 2010a).

Stöðuspuni: Nemendur vinna allir saman í hóp (má skipta í tvo hópa ef fjöldi nemenda er mikill). Kennari lætur nemendur draga eina tölu frá 1-13 (fer eftir því hveru margir nemendur eru) og tákna þessi tala ytri stöðu einstaklingsins, hvað hann starfar. Einn er þá sá lægstsetti í spananum og númer 13 er hæstsettur, t.d. forseti, drottning, forstjóri eða eitthvað slíkt. Þegar allir eru komnir með númer ákveða nemendur hvar þeir eru staddir og spinna svo lítinn spuna út frá því. Þegar spuninn er búinn þá draga nemendur aftur tölu sem er þeirra ytri staða og svo aðra tölu frá 1-13 sem tákna þeirra innri stöðu, hvernig þeir meta sjálfa sig í spananum. Nú er möguleiki á því að einhver sé með mjög ólíka innri og ytri stöðu. Nemendur ákveða aftur hvar þeir eru staddir og spinna lítinn spuna út frá því.

Grímuspunar:

- Leikarar komnir í prufu sem trúðar.
- Próf, þrír nemendur í prófi, hvernig líður þeim?
- Fangar sem hafa nýlega verið látnir lausir. Þeir voru saklausir og fá í hendur skýrslu um glæpina sem þeir áttu að hafa framið. Fangarnir hyggja á hefndir.
- Blínt stefnumót. Tveir leikarar (Ása Helga Ragnarsdóttir. 2010b).

Aðferðir

Spuni er hlutverkaleikur. Í spuna fá nemendur aðstæður og spinna upp atburðarrás. Nemendur þurfa að hafa gott samspil sín á milli, hlusta á það sem hinir segja og taka hlutverkið alvarlega. Nemendur fá oftast nokkrar mínútur til að undirbúa spunann og ákveða hverjir þeir eru, hvar þeir eru og hvað gerist (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2004:26).

Kyrrmyndir er einfaldur hlutverkaleikur. Nemendur fá vissar aðstæður frá kennara og stilla sér upp í hlutverk og frjósa. Þar geta nemendur myndað einfaldar aðstæður án mikils undirbúnings. Kyrrmyndir eru góð aðferð til að notast við áður en farið er í kennsluáðferðir sem krefjast leikrænna tilburða af nemendum (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2004:24).

Þátttökuleikhús byggist á því að áhorfendur séu þátttakendur í því sem fram fer á sviðinu. Hópur nemenda spinnur upp lítinn leikþátt sem hann hefur sammælt um að gera og sýnir fyrir áhorfendur. Þegar leikþátturinn er farinn af stað geta áhorfendur stöðvað ferlið og beðið leikendur um að gera eitthvað annað eða skipt við þá og gengið sjálfir inn í atburðarrásina. Leikendur geta á sama hátt stoppað og beðið áhorfendur um hjálp eða að koma í sinn stað (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2004:24).

Samningur: Eðli leiklistar kallar á hópvinnu, umræður, sköpun og lausnaleit. Vinna nemenda er oft á tilfinningalegum nótum og því mikilvægt að kennari og nemendur komist að samkomulagi um vinnuferli sem felur í sér traust á báða bóga. Samningur um skyldur og ábyrgð kennara og nemenda er góð lausn því þá vita allir til hvers er ætlast af þeim. Í upphafi útskýrir kennari fyrir nemendum markmið kennslunnar og síðan koma allir sér saman um vinnureglur (Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2004:13).

Heimildaskrá

Alexander, Scott. [Án árs-a] *Gertrude “Ma” Rainey born Gertrude*

Pridgett. The Red Hot Jazz Archive.

<http://www.redhotjazz.com/rainey.html> [Sótt 10. mars 2010]

_____. [Án árs-b] *Mamie Smith*. The Red Hot Jazz Arcive. <http://www.redhotjazz.com/mamie.html> [Sótt 10. mars 2010].

Anna Jeppesen og Ása Helga Ragnarsdóttir. 2004. *Leiklist í kennslu, handbók fyrir kennara*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Ása Helga Ragnarsdóttir. 2010a. Glósur úr kennslu í námskeiðinu: Frá hugmynd til sýningar í Háskóla Íslands, vorið 2010. Ritari: Ylfa Ösp Áskelsdóttir.

_____. 2010b. „Grímur.” Fyrirlestur haldinn í námskeiðinu: Frá hugmynd til sýningar í Háskóla Íslands, 21. janúar.

Banham, Martin. 2000. *The Cambridge Guide to Theatre*. Cambridge University Press, Cambridge.

Colegrave, Stephen og Chris Sullivan. 2005. *Punk: The Definitive Record of a Revolution*. Thunder's Mouth, New York.

Flosi Einarsson. *Tónlist og tölvur*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Garon, Paul. 1992. *Woman With Guitar: Memphis Minnie's Blues*. Da Capo Publishing, New York.

Gunnar Lárus Hjálmarsson. 2001. *Eru ekki allir í stuði? Rokk á Íslandi á síðustu öld*. Forlagið, Reykjavík.

Halldór Bragason. [Án árs] *Um blúsinn*. Blúsfélag Reykjavíkur. blues.is [Sótt 10. mars 2010]

„Heart-Biography”. [án árs]. *Heart*. <http://www.heart-music.com/bio/bio.asp>. [Sótt 15. mars 2010]
<http://www.heart-music.com/bio/bio.asp>

Kolbrún Anna Björnsdóttir. 2008a. Námsgagnastofnun. <http://www.nams.is/leiklistarvefurinn/konungleg.htm> [Sótt 19. mars 2010].

_____. 2008b. Námsgagnastofnun. <http://www.nams.is/leiklistarvefurinn/nutid.htm> [Sótt 20. mars 2010].

Pavis, Patrice. 1998. *Dictionary of the theatre, terms, concepts and analysis*. University of Toronto Press Incorporated, Toronto.

Pétur Hafþór Jónsson. 2007. *Hljóðspor*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.

Royal, Paul. [án árs]. „Nina Hagen”. *Europopmusic*. http://www.europopmusic.eu/Germany_pages/Hagen.html. [Sótt 15. mars 2010].

Rudlin, John. 1994. *Commedia dell'arte: An Actors Handbook*. Routledge, London.

Smith, Winifred. [Án árs]. *The Commedia Dell'Arte: A Study in Italian Popular Comedy*. http://www.theatredatabase.com/16th_century/commedia_dell_arte_001.html [Sótt 30 mars 2010].

Strongman, Phil. 2008. *Pretty Vacant: A History of UK Punk*. Chicago Review Press, Chicago.

Sveinn Einarsson. 2007. *Leiklistin í veröldinni*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.